

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi Norðurbæjar í Hafnarfirði.

Samkvæmt Skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. maí 1981 staðfest breytingu á deiliskipulagi Norðurbæjar í Hafnarfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjóra ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 286.

22. maí 1981.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfa- viðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans og orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Upp- sagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsam-

þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hofsóshrepps í Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1981.

Nr. 287.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi bókar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

- a) EUR. 1 flutningsskirteini, hér á eftir kallað EUR. 1 skirteini,
- b) EUR. 2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 2 750 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókar nr. 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 190 reikningseiningar,
- b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 550 reikningseiningar.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.